

Samþykktir fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd

Um verkefni umhverfis- og framkvæmdanefndar

1. gr.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs fjallar um skipulags- og byggingarmál og fer með hlutverk skipulagsnefndar í skilningi 6. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin fjallar einnig um fasteignir sveitarfélagsins, nýbyggingar eða leiguhúsnæði og fer með starfsemi þjónustumiðstöðvar. Þá fjallar nefndin um umhverfismál og um málefni dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í umhverfismálum, á sviði málefna dreifbýlis og hálendis í sveitarfélaginu, í fasteignastjórnun og í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætla og skipulagstillagna og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim og um reglur og gjaldskrár á sviði umhverfismála, fasteignastjórnunar og reksturs þjónustumiðstöðvar, um úthlutun lóða og gatnagerða- og þjónustugjöld. Nefndin fylgist með því að stofnanir sem undir hana heyra vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu verkefni umhverfis- og framkvæmdanefndar eru:

1. skipulags- og byggingarmál,
2. aðalskipulagsgerð,
3. deiliskipulagsáætlanir,
4. lóðaúthlutanir,
5. byggingareftirlit,
6. umferðarmál,
7. efnistöknámur,
8. málefni heilbrigðiseftirlits,
9. fasteignastjórnun á eignum sveitarfélagsins (viðhaldsáætlanir, verkáætlanir) leigusamningar,
10. þarfagreining vegna nýframkvæmda hjá sveitarfélaginu,
11. nýframkvæmdir sveitarfélagsins s.s. gatnagerð og fasteignir,
12. viðhald fasteigna sveitarfélagsins,
13. rekstur þjónustumiðstöðvar (viðhaldsáætlanir, verkáætlanir),

14. snjóhreinsun og hálkuvarnir,
15. viðhaldsverkefni gatna og stíga,
16. gatnalýsing í þéttbýli og dreifbýli,
17. hreinsun opinna svæða,
18. málefni gæludýra,
19. almenningssamgöngur,
20. þjónusta við íbúa sveitarfélagsins og stofnanir sem eru á hennar verksviði,
21. gera umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins til fyrirmyndar,
22. úrgangsmál, umsjón með lögbundnum verkefnum sveitarfélaga skv. lögum um meðhöndlun úrgangs,
23. umsjón með hirðingu opinna svæða,
24. vinnuskóli og umhverfisfræðsla í samstarfi við fræðslufulltrúa sveitarfélagsins,
25. fara með afréttarmál, fjallskil, girðingamál og beitarstýringu, skógrækt og nýtingu hlunninda
26. vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn um dýraverndunarmál og búfjáreftilit,
27. vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn um málefni vegna framkvæmda á hálendinu, t.d. með því að halda utan um samninga sem gerðir hafa verið og verða gerðir vegna þeirra, sinna eftirlitshlutverki varðandi þær kvaðir sem fram koma í umhverfismati um Kárahnjúkavirkjun og vera faglegur bakhjarl um málefni hálendisins norðan Vatnajökuls,
28. vera ráðgefandi vegna mála er varða hagsmuni íbúa dreifbýlisins vegna þjóðgarðs og verndarsvæða norðan Vatnajökuls og vegna Vatnajökulspjóðgarðs,
29. vera bæjarstjórn til aðstoðar um málefni óbyggðanefndar,
30. gera tillögur um styrkvegi og öflun fjármagns til uppbyggingar þeirra og viðhalds,
31. vera tengiliður milli íbúanna og bæjarstjórnar um málefni dreifbýlis t.d. með því að standa fyrir íbúapíngum,
32. veita bæjarstjórn umsögn og gera tillögur á sviði sérmálefna dreifbýlisins.

Nefndin hefur einnig eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga, að því marki sem þau fjalla um hlutverk nefndarinnar og setja skyldur á herðar sveitarfélaga, s.s.:

- Lög um landgræðslu,
- Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.,
- Lög um búfjárhald o.fl.,
- Jarðalög,
- Lög um dýravernd,
- Girðingalög,
- Lög um lax- og silungsveiði,
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- Ábúðarlög,
- Skógrækt,
- Lög um Héraðsskóga og önnur lög um skógrækt,
- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
- Vegalög.

4. gr.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs:

A Stefna Fljótsdalshéraðs 2007-2027,

- C Jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs,
- D Aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi nefndarinnar.

Um skipan umhverfis- og framkvæmdanefndar

5. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm menn í umhverfis- og framkvæmdanefnd til loka kjörtímabils og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

6. gr.

Formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um fundarsköp en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

7. gr.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd heldur að jafnaði fundi einu sinni til tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

8. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi situr fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal umhverfis- og framkvæmdanefnd leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra embættismanna þegar það á, við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast öðrum deildum stjórnarsýslunnar. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Um yfirstjórn skipulags- framkvæmda- og umhverfismála

9. grein.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar, ræður skipulags- og byggingarfulltrúa og veitir honum lausn frá störfum í samráði við umhverfis- og framkvæmdanefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúi skal uppfylla hæfisskilyrði 7. gr. Skipulagslaga og lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ræður í önnur störf sem undir hann heyra í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

10. grein.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til umhverfis- og framkvæmdanefndar í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd tillögur að starfsáætlun og fjárhagsáætlunum, í samstarfi við fjármálastjóra, sem nefndin skal meta og staðfesta að sé í samræmi við fjárhagsramma og markaða stefnu.

11. grein.

Formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ber ábyrgð á stjórn og rekstri málaflokka, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

Um fundarsköp umhverfis- og framkvæmdanefndar

12. grein.

Um fundarsköp á fundum umhverfis- og framkvæmdanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Fljótisdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og framkvæmdanefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Umhverfis- og framkvæmdanefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema formaður eða umhverfis- og framkvæmdanefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

13. grein.

Um ritun fundargerða nefndarinnar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari umhverfis- og framkvæmdanefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sitja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sitja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni,
6. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
7. að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Jafnframt skulu formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í samfelldri töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Skipulags- og byggingarfulltrúi og framkvæmda- og þjónustufulltrúi bera ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfis- og framkvæmdanefnd, um málalok.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna og starfsmanna umhverfis- og framkvæmdanefndar

14. grein.

Um hæfi umhverfis- og framkvæmdanefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna skipulags- og mannvirkjanefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

15. grein.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi nefndarinnar nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda hans helst áfram eftir að hann lætur af störfum í ráðinu. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Málsmeðferðareglur umhverfis- og framkvæmdanefndar

16. grein.

Við meðferð mála hjá umhverfis- og framkvæmdanefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum nefndarinnar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun umhverfis- og framkvæmdanefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

Heimildir umhverfis- og framkvæmdanefndar til fullnaðarákvarðana

17. grein.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd er heimilt sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

18. grein.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu mála, eftir því sem við á, og sem hún hefur mótað reglur um.

Byggingarfulltrúi starfar samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Mál sem skipulags- og byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt þessum lögum skulu kynnt í skipulags- og mannvirkjanefnd með formlegum hætti á næsta reglulega fundi. Bæjarstjórn staðfestir reglur um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa.

Endurupptaka máls

19. grein.

Eftir að umhverfis- og framkvæmdanefnd eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

20. grein.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun umhverfis- og framkvæmdanefndar eða starfsmanna hennar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða annars æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun umhverfis- og framkvæmdanefndar eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar hjá kæruneftnd nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildistaka

21. grein.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar hinn 01.07. 2014.
Breyting gerð á 7. grein 15. febrúar 2017.